

að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 103 31. janúar 1980 og auglýsing um breyting á gjaldskránni nr. 226 30. apríl 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.

10. október 1980.

Nr. 546.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 30. september til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hefur ráðuneytið staðfest þann verðgrundvöll á freðfiski, sem gildi fyrir tímabilið 1. júní til 30. september 1980, sem áfram gildandi til 31. desember 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

10. október 1980.

Nr. 547.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 20. október 1980 til 15. maí 1981, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.